



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Ekki gleyma umhverfinu

Það eru margar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir nú um stundir. Vitund um sóttvarnir hefur aukist mjög mikið og margir hafa tamið sér að nota einnota hanska og sóttþreinsklúta þegar farið er út af heimilinu. Heilbrigðiseftirlitið hvetur fólk til að gleyma ekki umhverfinu á þessum tímum. Mikill sóðaskapur er af því skeytingarleysi að henda hönskum og klútum á jörðu eða gólf eftir notkun. Það er lítið mál að safna þessu í poka og setja í gráu tunnuna heima við með blönduðum úrgangi eða í ruslatunnu í versluninni, á bílastæðinu eða hvar sem hanskar og klútar eru notaðir.

Heilbrigðiseftirlitið hvetur einnig til þess íbúar noti útiveru til að hreinsa til í umhverfinu og garðinum. Virðum um leið 2 m regluna.